



**HAFNARFJÖRÐUR**

## **Erindisbréf**

### **Starfshópur um endurskoðun mannauðsstefnu, málsnr. 1402389**

Verkefnishópurinn starfar samkvæmt ákvörðun bæjarráðs frá 7. maí sl.

#### **Hlutverk:**

Hópurinn skal taka til skoðunar drög að mannauðsstefnu sem unnin voru af mannauðsteymi bæjarins á tímabilinu mars til maí 2015. Hlutverk starfshópsins er að yfirfara drögin og gera lokatillögu að mannauðsstefnu. Skoða þarf sérstaklega mótun launa- og jafnlaunastefnu, viðverustefnu sem og samþykkt bæjarstjórnar frá 13. maí um mikilvægi þess að hæfileikar allra séu virkjaðir og að uppfyllt séu ákvæði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðst fólks. Áður en stefnan verður samþykkt þarf hópurinn að kalla eftir athugasemdum og ábendingum frá starfsfólki bæjarins.

#### **Skipan hópsins:**

Hópurinn skipa þrír fulltrúar tilnefndir af bæjarráði (bæjarráð tilnefnir formann).

Guðlaug Kristjánsdóttir formaður

Kristinn Andersen

Ófeigur Friðriksson

#### **Skipulag:**

Hópurinn tekur til starfa svo fljótt sem unnt er. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Hópurinn skal funda reglulega og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 6 sinnum. Með starfshópnum starfa Kristján Sturluson, sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs og Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir bæjarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til bæjarráðs 30. október 2015.